

Nd. **848. Frumvarp til laga** [12. mál]

um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 14. apríl.)

1. gr.

Við 3. tölul. 1. mgr. 32. gr. laganna bætist nýr staflíður er orðast svo:

- c. Ferðakostnað að $\frac{3}{4}$ hlutum með áætlunarbíl eða strætisvagni, eða skv. kílómetragjaldi ef áætlunarferðir eða strætisvagnaferðir eru ekki fyrir hendi, þegar sjúklingur þarfnast ítrekaðrar meðferðar hjá lækni á sjúkrahúsi eða sjúkrastofnun, svo sem í endurhæfingu eða sjúkraþjálfun, með eða án innlagningar, þótt vegalengd sé skemmri en 15 km, enda séu ferðir fleiri en 30 á sex mánaða tímabili.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.